STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

# SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

# HORFT TIL FRAMTÍÐAR

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 8.–9. NÓVEMBER 2012

ICELANDAIR CARGO · SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR · Arion banki · ICELANDIC GROUP · TM

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN



## Sjávarútvegsráðstefnan ehf.

Tilgangur félagsins er að halda árlega ráðstefnu til að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og að vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

## Hugmyndin

Hugmyndin að sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

## Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kýs 6 manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð. Stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi sjávarútvegs. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun með því að skipta út helmingi stjórnar á hverju ári.

## Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla!

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná saman á einum stað þversneið af íslenskum sjávarútvegi til að vinna að framförum og sókn. Sjávarútvegsráðstefnan er vettvangur þar sem menn hittast, styrkja sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um mikilvæg viðfangsefni á sviði sjávarútvegs og vonast er að hún verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

## Næstu ráðstefnur og upplýsingamiðlun

Á vef félagsins sem er www.sjavarutvegsradstefnan.is gefst öllum tækifæri að koma með tillögur um efnistök á næstu ráðstefnu og fulltrúa í stjórn félagsins. Á vefnum verður jafnframt hægt að sækja dagskrá og skrá sig á ráðstefnuna. Á vefsíðu félagsins verður einnig hægt að sækja erindi og önnur gögn sem gefin verða út í tilefni ráðstefnanna.

## Stjórn félagsins

Anna Kristín Daníelsdóttir
Finnbogi Alfreðsson
Hjörtur Gíslason
Inga Jóna Friðgeirsdóttir
Kristján Hjaltason, formaður
Lúðvík Börkur Jónsson

Útgefandi: Sjávarútvegsráðstefnan ehf.
Hönnun og uppsetning: Oddi ehf.
Umsjón með útgáfu: Valdimar Ingi Gunnarsson
Skráning og móttaka: RS Ferðalausnir slf.
Prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja
Upplag: 450 eintök

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN

# HORFT TIL FRAMTÍÐAR

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, 8.–9. NÓVEMBER 2012

## EFNISYFIRLIT


Ávarp formanns – Horft til framtíðar í íslenskum sjávarútvegi . . 4
Dagskrá . . . . . 8
Framúrstefnuhugmynd 2012 . . . . . 12
Útdrættir erinda . . . . . 14
Framúrstefnuhugmynd 2011 . . . . . 32
Sjávarútvegsráðstefnan 2011 . . . . . 34
Sjávarútvegsráðstefnan 2010 . . . . . 36



Guðmundur S. Ragnarsson, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði, Gunnar Gíslason, viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði, Ingveldur Ásta Björnsdóttir, sérfræðingur á fyrirtækjasviði, Hrönn Greipsdóttir, forstöðumaður faktoring, Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og Sveinn Gíslason, útibússtjóri aðalútibús. Á myndina vantar Svein Alfreð Reynisson, viðskiptastjóra faktoring, og Rebekku Jóelsdóttur, sérfræðing á fjárfestingabankasviði.

Arion banki

# SJÁVARÚTVEGURINN
# ER UNDIRSTAÐAN

Arion banki hefur þjónustað fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi í fjöldamörg ár og starfa reynslumiklir sérfræðingar innan veggja bankans í þágu þessa fjölbreytta viðskiptavinahóps. Einyrkjar og allt upp í stærstu sjávarútvegsfyrirtæki geta sótt í yfirgripsmikla þekkingu sjávarútvegsteymis bankans sem aðstoðar eftir fremsta megni hvar og hvenær sem er.

Sérfræðingar bankans bjóða viðskiptavinum upp á faglega þjónustu, allt frá einföldum millifærslum upp í sölu á fyrirtækjum eða greiðslufallstryggingar vegna viðskipta við erlenda aðila. Einyrkjar sem og smærri og meðalstór fyrirtæki sækja mest alla þjónustu til útibúa en Sveinn Gíslason starfar sem svæðis- og útibússtjóri.

„Fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi eru mjög mikilvægir viðskiptavinir í okkar augum og við einbeitum okkur að því að sinna þeim vel," segir Sveinn og heldur áfram. „Arion banki hefur upp á að bjóða ýmsar sérhæfðar lausnir fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi eins og faktoring þjónustu

> **„Við höfum mikinn áhuga á þessari grein og erum með góða viðskiptavini sem við viljum vaxa með"**

en að auki erum við með útibú í nokkrum sjávarbyggðum og sækja viðskiptavinir okkar alla daglega þjónustu í útibúin. Hvert og eitt fyrirtæki fær sinn fjármálaráðgjafa í sínu útibúi sem er ávallt til taks þegar á þarf að halda."

### Samvinna er lykilatriði

Hjá fyrirtækjasviði er að finna mörg stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landssins en þangað leita stærri fyrirtæki eftir margvíslegri þjónustu. Björk Þórarinsdóttir er konan í brúnni á fyrirtækjasviði. „Sérfræðinga Arion banka í sjávarútveginum er að finna víða í bankanum en við störfum saman sem ein heild. Við vinnum í sameiningu að því að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu og fjölbreytt vöruúrval," segir Björk. „Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu og hver og einn viðskiptavinur fær þjónustu sniðna að sínum þörfum hjá sínum viðskiptastjóra."

Það er þó svipað hjá stórum og litlum viðskiptavinum bankans en allir sækja þeir sína daglegu þjónustu í útibú bankans og því er góð samvinna innan bankans lykilatriði. „Við höfum í okkar röðum reynslumikið fólk, þar á meðal sjávarútvegsfræðinga og vel menntað fólk með reynslu af störfum í sjávarútveginum.

Sjávarútvegsfyrirtæki eru okkur mikilvægir viðskiptavinir enda er og verður sjávarútvegurinn alltaf ein af undirstöðum íslensks hagkerfis," segir Björk sem hefur lengi tengst íslenskum sjávarútvegi.

### Faktoring - fjármögnun birgða og krafna

Nú býður Arion banki viðskiptavinum sínum upp á svokallaða faktoring þjónustu en hana geta viðskiptavinir sótt hjá sínum tengilið innan bankans. Sérhæfð faktoring þjónusta býðst hvergi annars staðar en hjá Arion banka og hefur reynst mörgum viðskiptavinum afskaplega vel. „Ýmis sjávarútvegsfyrirtæki nýta sér faktoring þjónustu okkar þar sem við fjármögnum bæði birgðir og kröfur," segir Hrönn Greipsdóttir, forstöðumaður Faktoring Arion banka.
Með því að nota faktoring sem fjármögnunarleið dregur úr óvissu um greiðsluflæði þar sem lánsviðskipti verða í raun að staðgreiðslu. Faktoring hentar vel ýmis konar fyrirtækjum í sjávarútvegi, bæði þeim sem stunda vinnslu sem og þeim sem eingöngu selja sjávarafurðir. „Útistandandi kröfur eru yfirleitt stærsti hluti fjármuna hjá sölufyrirtækjum í sjávarútvegi en þessi tegund fjármögnunar hentar þeim mjög vel vegna þess að faktoring brúar bilið á milli lánsviðskipta og staðgreiðslu," segir Hrönn. Auk þess fjármagnar faktoring birgðir í tengslum við kröfufjármögnun sem má í raun líkja við afurðarlánin sem eitt sinn stóðu fyrirtækjum til boða. Sveinn Alfreð Reynisson, sem er mörgum í sjávarútveginum vel kunnur, sér um að meta birgðir og kröfusöfn viðskiptavina enda er hann með áralanga reynslu á þessu sviði. Við upphaf viðskipta er birgðastaða skráð inn og fjármögnuð en síðan skilar viðskiptavinurinn reglulega inn birgðalistum. Birgðir verða að kröfum sem eru fjármagnaðar til niðurgreiðslu á birgðaláni en við það myndast rými fyrir nýjar birgðir og þannig heldur hringurinn áfram.

> **„Faktoring brúar bilið á milli lánsviðskipta og staðgreiðslu"**

### Greiðslufallstryggingar

Í tengslum við fjármögnun erlendra viðskiptakrafna miðlar Arion banki greiðslufallstryggingum í samstarfi við Euler Hermes tryggingafélagið sem er stærst á þessu sviði í heiminum í dag. „Greiðslufallstryggingar eiga eins og nafnið segir til um að tryggja fyrir greiðslufalli. Oft er þekking fyrirtækja á erlendum viðskiptavinum takmörkuð og lítill tími til að kanna greiðslugetu þeirra. Lítil fyrirtæki geta lent í verulegum vandræðum ef t.d. einn gámur tapast vegna gjaldþrots kaupanda en slíkt er augljóslega mikið högg og getur jafnvel þurrkað upp eigið fé seljandans," segir Hrönn en með greiðslufallstryggingu er hægt að lágmarka slíka áhættu. „Greiðslufallstryggingar tryggja kröfuhafa fyrir því ef greiðandi kemst í greiðsluþrot eða verður gjaldþrota. Euler Hermes gefur út hvort og upp að hvaða marki það er tilbúið að ábyrgjast tiltekið fyrirtæki. Ef þetta fyrirtæki kemst í greiðsluþrot eða verður gjaldþrota á meðan viðskiptavinur okkar á útistandandi kröfu á það, þá sér tryggingafélagið um að innheimta kröfuna."
Þar að auki sér tryggingafélagið um innheimtu ef til vanskila kemur sem getur komið sér vel þar sem erlend innheimta getur reynst kostnaðarsöm, flókin og tímafrek. Þetta getur því margborgað sig fyrir fyrirtæki í sjávarútveginum sem eiga í erlendum viðskiptum. „Allt er í heiminum hverfult og jafnvel traustustu viðskiptavinir hafa lent í greiðsluerfiðleikum og jafnvel gjaldþroti undanfarin misseri," segir Hrönn.

### Áhugi á sjávarútveginum

Það er augljóst að starfsfólki Arion banka er annt um íslenskan sjávarútveg enda er hér um að ræða afar mikilvægan þátt í íslensku samfélagi. „Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein á Íslandi og mun vera það áfram. Við höfum mikinn áhuga á þessari grein og erum með góða viðskiptavini sem við viljum vaxa með," segir Sveinn, útibússtjóri aðalútibús. Björk leiðir fyrirtækjasvið sem býr yfir umtalsverðri þekkingu og reynslumiklu starfsfólki sem sér um stærri sjávarútvegsfyrirtækin sem eru í viðskiptum við bankann. Að lokum ganga Hrönn og hennar fólk úr skugga um að viðskiptavinir bankans njóti kosta faktoring sem getur skipt sköpum fyrir jafnt stóra sem smáa aðila. „Við vitum hversu mikilvæg faktoring þjónustan er í rekstri viðskiptavina okkar, sérstaklega nú þegar óvissa er mikil á erlendum mörkuðum. Við sjáum um að fjármagna kröfur og birgðir en reikningarnir liggja í útibúi viðskiptavina eða á fyrirtækjasviði," segir Hrönn að lokum.

---

Greiningadeild Arion banka gaf á haustmánuðum 2011 út yfirgripsmikla skýrslu um íslenskan sjávarútveg og hefur ritið nú verið uppfært og víkkað út þannig að það gefi sem fyllsta mynd af þessari undirstöðugrein þjóðarbúskapsins.

**Brot úr skýrslunni:**

*Íslenskur sjávarútvegur hefur að meðaltali lagt um 12% til landsframleiðslu Íslands á ári hverju, 25% ef tekið er mið af framleiðslu hins svokallaða sjávarklasa, og benda rannsóknir til þess að ef tekið er tillit til afleiddra starfa af sjávarútvegi þá skapi greinin um 15% starfa á Íslandi. Lengi vel voru sjávarafurðir ein helsta útflutningsvara Íslendinga og nam útflutningur á fiski um helmingi af heildarútflutningsverðmæti um síðustu aldamót. Hlutfallið lækkaði þegar leið á áratuginn og í dag eru sjávarafurðir um fjórðungur af útflutningsverðmæti Íslendinga.*

Skýrslan stendur ráðstefnugestum til boða hjá starfsfólki Arion banka í bás bankans.

# Horft til framtíðar í íslenskum sjávarútvegi



**Leiðandi staða Íslendinga að baki?**

Það eru tímamót í íslenskum sjávarútvegi. Þorskstofninn er á uppleið sem mun auka tekjur margra fyrirtækja og geta leitt til stækkunar markaða fyrir íslenskar afurðir. En á sama tíma er einnig mikil aukning á öðrum svæðum og leiðandi staða Íslendinga við markaðssetningu sjávarafurða virðist vera að baki. Sjávarútvegurinn þarf að breyta vinnubrögðum til að mæta aukinni samkeppni og hefja nýja sókn til að marka sérstöðu íslenskra afurða á mikilvægustu mörkuðunum. Sjávarútvegsráðstefnan 2012 tekur á mörgum viðfangsefnum sem eiga að styrkja starfsfólk og stjórnendur og vonandi stuðla að samstarfi fyrirtækja til að bæta ímynd og um leið stöðu íslenskra sjávarafurða á mörkuðum erlendis.

**Vettvangur allra í sjávarútvegi**

Sjávarútvegsráðstefnan var stofnuð af fólki sem starfar við sjávarútveginn, því það vantaði vettvang fyrir alla þá sem koma að greininni til að hittast og ræða þau viðfangsefni sem snerta dagleg störf og hagsmuni sjávarútvegsfyrirtækja. Niðurstaðan var árleg 2ja daga ráðstefna þar sem flutt eru erindi um sjávarútveginn á víðtækan hátt með það að markmiði að styrkja allar greinar hans.Tilgangurinn er einnig að auka skilning á hve mikilvæg viðfangsefnin eru og þar með að styrkja starfsfólk og stjórnendur í starfi. Ráðstefnan er ekki síður tækifæri fyrir fólk til að hittast, spjalla saman, styrkja sambönd og kynnast. Á Sjávarútvegsráðstefnunni er rætt um allt sem snýr að greininni fyrir utan kvótamál, þó þau séu mjög mikilvæg hefur umræða um kvótann því miður verið ráðandi hér á landi í langan tíma og hefur mótað viðhorf margra utan greinarinnar til sjávarútvegsmála.

**Þurfum að bæta okkur á öllum sviðum**

Þó svo að íslenskur sjávarútvegur sé sterkur og framarlega á mörgum sviðum þá erum við aðeins eitt af mörgum löndum sem framleiða og selja úrvals afurðir. Við þurfum stöðugt að leita leiða til að bæta okkur, hvort sem það er í rannsóknum, veiðum og vinnslu, vöruþróun, markaðssetningu og sölu, flutningum, véla- og hugbúnaðarþróun, eða menntun, framfarir á öllum sviðum auka samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Að mínu mati þarf að taka sérstaklega á vöruþróun og markaðs- og sölustarfsemi.

**Fleiri erlendir fyrirlesarar**

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er „Horft til framtíðar" og verða flutt um 30 erindi á átta málstofum um fjölbreytt og ólíkt efni af fólki sem starfar við sjávarútveg á einn eða annan hátt. Í ár eru fleiri erlendir fyrirlesarar en við höfum áður haft til að breikka umfjöllunina og til að vita hvað er að gerast annars staðar. Þátttaka gesta í umræðum skiptir máli, í lok hverrar málstofu eru umræður þar sem framsögumenn sitja fyrir svörum og þátttakendur fá möguleika á að spyrja eða koma með athugasemdir. Þessi hluti hverrar málstofu er mikilvægur því hér eiga samræður sér stað um sjávarútveginn.

**Hvet fólk til að bjóða sig fram til stjórnarsetu**

Vinna við Sjávarútvegsráðstefnuna er að mestu sjálfboðastarf, það fær enginn greitt fyrir að halda ræðu eða sitja í stjórn félagsins. Vettvangur sem þessi lifir á áhuga og framlagi allra sem starfa við greinina. Það er undir okkur öllum komið til að ráðstefnan verði áfram sterkur vettvangur fyrir íslenskan sjávarútveg því árangur hans næst með sameiginlegu átaki. Í lok ráðstefnunnar verður aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. haldinn þar sem kosin verða þrjú ný í stjórn, en stjórn félagsins er umleið ráðstefnustjórn. Fólk er kosið til tveggja ára og helmingur stjórnarmanna hættir á hverju ári. Þetta stuðlar að endurnýjun sem er mikilvæg til að tryggja nýjar hugmyndir um áherslur, efni og ræðumenn. Hvet ég fólk til að bjóða krafta sína fram til stjórnarsetu.

**Sjálfboðastarf**

Þrátt fyrir sjálfboðastarf og aðhald í rekstri, þá kostar það mikið að halda góða ráðstefnu og aðgangseyrir dekkar aðeins hluta kostnaðar. Við erum því þakklát fjárhagsframlagi margra fyrirtækja sem er mikilvægur styrkur fyrir ráðstefnuna, í ár sem fyrri ár.

Ég vil þakka stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt og gott samstarf síðasta árið við undirbúning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012 og starfsmanni og aðal hvatamanni að ráðstefnunni, Valdimari I. Gunnarssyni, fyrir hans þátt, en án hans hefði þessi vettvangur ekki orðið til.

*Kristján Hjaltason*
*Formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar*

# TM um land allt



Starfsmenn TM hafa sérfræðiþekkingu í að aðstoða viðskiptavini vegna óhappa og hafa hjálpað fólki í gegnum erfiðleika í yfir 50 ár. Við erum þess fullviss að hvergi er betur staðið að slíkri þjónustu. Kynntu þér tjónasögur viðskiptavina okkar á afhverju.tm.is

Verið velkomin á afgreiðslustaði TM um land allt.
Nánari upplýsingar á tm.is

Tryggingamiðstöðin tm.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Því tíminn flýgur

# SÍÐASTI SÖLUDAGUR.

## EIN STAÐFESTING ÞESS AÐ VIÐ ERUM ALLTAF Í KAPPHLAUPI VIÐ TÍMANN.

Með öflugu og traustu leiðarkerfi  komum við vörunni þinni hratt og örugglega á áfangastað. Þannig tryggjum við hámarks ferskleika og verðmæti.




www.icelandaircargo.is

ÍSLENSKA SIA.IS CARGO 61540 10/12

ICELANDAIR CARGO



# DAGSKRÁ

## Fimmtudagurinn 8. nóvember

**09:00 Afhending gagna**

## Íslenskur sjávarútvegur 2012

Fundarstjóri: *Sveinn Margeirsson*

**10:00 Opnun,** *Össur Skarphéðinsson*, utanríkisráðherra.
**10:10 Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2012 og heimsafla,** *Kristján Hjaltason*
**10:30 Um hugsanleg áhrif breyttra umhverfisskilyrða á næstu áratugum á framboð af fiski frá Íslandi,** *Jóhann Sigurjónsson*
**10:50 Sjávarþorpið 2030,** *Anna Karlsdóttir*
**11:10 Afhending framúrstefnuverðlaunanna „Svifaldan 2012"** *Hjálmar Sigþórsson*
**11:30 Umræður**

**Matur: 12:00-13:30**

## Málstofa A1

**Gullteigur**

### Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf?

Málstofustjóri: *Bylgja Hauksdóttir*

**13:30 Joint marketing of Norwegian Seafood,**
*Terje E. Martinussen*

**13:50 Sjónarmið úr íslenskum sjávarútvegi,**
*Guðmundur Kristjánsson*

**14:10 Vettvangur og mögulegar leiðir í sameiginlegu markaðsstarfi,**
*Guðný Káradóttir*

**14:30 Umræður**

## Málstofa B1

**Hvammur**

### Framtíðartækifæri í fiskeldi

Málstofustjóri: *Ásthildur Sturludóttir*

**13:30 Hvernig á laxeldið að geta gengið á Íslandi?**
*Jónatan Þórðarson*

**13:45 Eldi hlýsjávartegunda,**
*Steindór Sigurgeirsson,*

**14:00 Sameldi hlývatns- og kaldvatnstegunda,**
*Sjöfn Sigurgísladóttir*

**14:15 The application of genetics to aquaculture,**
*Sarah Helyar*

**14:30 Umræður**

**Kaffi: 15:00-15:30**

## Málstofa A2

**Gullteigur**

### Allt hráefni á land?

Málstofustjóri: *Ólöf Ýr Lárusdóttir*

**15:30 Hvað er tæknilega framkvæmalegt að nýta aukahráefni um borð í fiskiskipum?**
*Sigurjón Arason*

**15:50 Tölfræðilegur samanburður á nýtingu þorsks í Norður Atlantshafi,**
*Haukur MárGestsson*

**16:05 Hver eru tækifærin og hindranir við nýtingu aukahráefnis?**
*Hjörtur Gíslason*

**16:20 Tækifæri við vinnslu á aukahráefni,**
*Hólmfríður Sveinsdóttir*

**16:35 Umræður**

## Málstofa B2

**Hvammur**

### Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?

Málstofustjóri: *Anna H. Þorsteinsdóttir*

**15:30 Eru forsendur fyrir fullvinnslu frystra flakaafurða á Íslandi?**
*Lárus Ásgeirsson*

**15:45 Hvaða tækifæri eru í fullvinnslu á uppsjávarfiski á Íslandi?**
*Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson*

**16:00 Saltfiskur, hvar liggja tækifærin?**
*Magnús B. Jónsson*

**16:15 Codland,**
*Arnar Jónsson*

**16:25 Umræður**

**17:30-19:00 Móttaka í boði Arion banka - Borgartúni 19, Reykjavík**

# Föstudagurinn 9. nóvember

## Málstofa A3

**Gullteigur**

### Heimsframboð helstu botnfisktegunda

Málstofustjóri: *Alda Möller*

09:00 **Heimsframboð helstu botnfiskstegunda síðustu ár og horfur fyrir 2013,**
*Lúðvík Börkur Jónsson*

09:20 **Stock status and recent consumption trends of major groundfish species,**
*Yimin Ye*

09:40 **Eru nýir markaðir að taka við auknu framboði botnsfisks,**
*Helgi Anton Eiríksson*

09:55 **Aukinn þorskkvóti í Barentshafi. Hvernig og hvar mun aukið framboð birtast?**
*Sturlaugur Haraldsson*

10:10 **Umræður**

## Málstofa B3

**Hvammur**

### Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi

Málstofustjóri: *Grímur Valdimarsson*

09:00 **Staða og horfur í veiði uppsjávartegunda í N-Atlantshafi,**
*Þorsteinn Sigurðsson*

09:20 **Ráðstöfun og markaðssetning uppsjávarafla í Norður-Atlantshafi,**
*Teitur Gylfason*

09:45 **Trends in supply and demand for fish meal and fish oil,**
*Andrew Mallison*

10:10 **Umræður**

**Kaffi 10:30-11:00**

## Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member

Fundarstjóri: *Kristján Hjaltason*

11:00 **EU common fisheries policy, likely changes and opportunities for Iceland,**
*Armando Astudillo*

11:30 **Fishing and fish processing: an Icelandic perspective,**
*Pétur H. Pálsson*

11:50 **Panel discussion with speakers and 2 other persons from the industry in Iceland**

12:45 **Conference closes**

## Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

13:00 **Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2013 o.fl.**











HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Icelandic Group

Vinnsla, sala og markaðssetning:

COLDWATER • ECOMSA • GADUS • SEACHILL • FISKVAL

Sala og markaðssetning:

ICELANDIC UK • ICELANDIC IBERIA • ICELANDIC NORWAY • ICELANDIC JAPAN
ICELANDIC HONG KONG • ICELANDIC CHINA • ICELANDIC SERVICES







# – 70 ár í sjávarútvegi

Icelandic Group fagnar um þessar mundir 70 ára starfi í þágu íslensks sjávarútvegs. Rekstur samstæðunnar snýst einkum um framleiðslu, markaðssetningu og sölu sjávarafurða á neytendamarkað og til framleiðenda tilbúinna rétta.

Icelandic Group rekur vinnslustöðvar í Bretlandi, á Spáni og í Belgíu og sölu- og markaðsstarfsemi í Evrópu og í Asíu. Hjá samstæðunni starfa um 1700 manns í níu löndum.

ICELANDIC GROUP

# Svifaldan 2012
# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar

## Horft til framtíðar

# Grand Hótel, 8.–9. nóvember 2012

Markmiðið með veitingu verðlauna um framúrstefnuhugmynd er að efla umræður og hvetja nýja hugsun með framsæknum og frumlegum hugmyndum. Verðlaunagripurinn **„Svifaldan",** sem gefinn er af TM er táknrænn eins og nafnið gefur til kynna. Þá er vísað til svifs sem undirstöðu lífríkis sjávar og samlíkingin er grunnur fyrir þróun og vöxt nýrra hugmynda, en einnig er höfðað til þess að svífa um á öldum og láta sig dreyma um nýjar hugmyndir sem gætu komið af stað verkefnum. „Hver svífur hæst?" Kallað var eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum nú í annað sinn, sem veita á viðurkenningu fyrir á Sjávarútvegsráðstefnunni 2012. Myndin sýnir áhersluflokka hugmynda sem bárust og gerð er grein fyrir stuttlega hér á eftir. Tillögurnar eru á mismunandi stigi, allt frá því að vera frumhugmyndir frá einstaklingum og nemendum, en aðrar eru byggðar á áralöngum rannsóknum hjá opinberum stofnunum, eða hugmyndum frá fyrirtækjum sem eru markaðshæfar vörur eða einkaleyfishæfur búnaður. Allar hugmyndirnar eru til þess fallnar að hvetja til umræðu.




Mynd 1. Hlutfall áherslusviða innsendra framúrstefnuhugmynda 2012

## Ný tækni við veiðar og vöktun á hitastigi

### Stýranlegir toghlerar fyrir togveiðar og rannsóknir á olíusetlögum

Hugmyndin snýr að byltingakenndri nýjung sem tengist hagkvæmni í togveiðum og olíuleitarannsóknum, þ.e. stýranlegum toghlerum fyrir togveiðar og hlerum sem eru notaðir við rannsóknir á olíusetlögum. Með þessari nýju hönnun má stjórna hlerunum á togi eftir því hvað hentar hverju sinni. Hlerarnir verða útbúnir þannig að fjarstýrður drifbúnaðar er tengdur við þann hluta hlerans sem hægt er að stjórna. Annar tilgangur með hugmyndinni er að gera togveiðar og olíurannsóknir hagkvæmari með tilliti til betri nýtingu alls búnaðarins, betri lögun fiskstrollsins þegar togað er og betri staðsetning á olíuleitarbúnaðinum með tilliti til meiri hagkvæmni í rekstri og minni olíunotkunar. Hagkvæmni í notkun er framtíðarsýnin, þar sem lítið viðnám toghleranna tryggir minni olíunotkun. Stýranlegir hlerar eiga eftir að valda byltingu við veiðar hvað varðar hagkvæmni fyrir bæði útgerðir fiskskipa og olíuleitarskipa á næstu árum. Tæknin hefur verið í þróun í nokkur ár og fengið stuðning frá Tækniþróunarsjóði og Átaki til atvinnusköpunar. Þróunarvinna hefur gengið vel og fyrirliggjandi eru einkaleyfisumsóknir.

*Tengiliður: Atli Már Jósafatsson*

### Lágtíðnihljóðmerki til fiskveiða - Hljóð til að safna saman fiski?

Þessi framúrstefnulega veiðiaðferð byggir á því að lágtíðnihljóðmerki eru notuð til að safna fiski að veiðitæki og krefst þess að fiskar séu þjálfaðir til að tengja hljóðmerki við fóðrun. Hljóðmerki geta borist langar leiðir í sjó og eru sjávarfiskar næmastir fyrir hljóðum af þeirri tíðni (100-400 Hz). Þeir geta numið þessi hljóðmerki í margra kílómetra fjarlægð og þannig er möguleiki að senda fiskunum skilaboð um hvar fæðu sé að finna. Þessi veiðiaðferð gæti hugsanlega orðið mikilvægur valkostur við nýtingu fiskistofna þar sem hægt yrði að spara orku og tilkostnað við veiðarnar með því að láta fiskana sjá um að synda sjálfa inn í veiðitæki. Jafnframt gæti þessi veiðiaðferð dregið úr óæskilegum afföllum á smáfiski og fisktegundum í útrýmingarhættu sem hægt væri að flokka frá og sleppa ósködduðum. Þjóð sem nýtti slíka veiðiaðferð þætti líklega til fyrirmyndar um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, orkusparnað, hráefnisgæði og dýravelferð. Jafnvel gæti stuðningur við rannsóknir á þessu sviði bætt ímynd sjávarútvegsins.

*Tengiliður: Björn Björnsson*

### Veiðar á flundru í sérhannaðar flatfiskgildrur

Framúrstefnuhugmyndin gengur út á tilraunaveiðar á flundru í sérstaklega hannaðar flatfiskagildrur. Flundra (*Paltichthys flesus*) heldur sig gjarna í og við árósa og getur gengið upp í ár og læki. Nota mætti smábáta eða veiða flundru í gildrur úr landi og gætu bændur stundað veiðar í netalögnum sínum, en einnig gætu smábátar stundað veiðar í samskonar veiðarfæri. Hægt er að stilla stærð flatfisks sem gengur í gildrurnar og þær hleypa bolfiski í gegn um sig og þar með lax og silungi. Þar sem aflinn er lifandi þegar hann er tekinn, ætti að vera auðvelt að sleppa hugsanlegum meðafla af öðrum flatfisktegundum. Ekki er talið ólíklegt að flundran éti laxfiskaseiði, en með því að halda flundrustofninum í lágmarki mætti takmarka þann skaða sem hún kann að valda á viðgangi laxfisks í íslenskum ám og vötnum og um leið nýta hana til verðmætasköpunar. Flundra er talin góður matfiskur og eftirspurn gæti aukist eftir að lúðuveiðar voru bannaðar í íslenskri fiskveiðilögsögu.

*Tengiliður: Lárus Jóhannsson*

**Snjallkar**

Snjallkar er hugmynd sem miðar að því að efla gæðaímynd íslenskra fiskiafurða með því að innleiða tækni til að fylgjast með hitastigi aflans. Hugmyndin er að hanna fiskikör sem hafa að geyma hitamæla í botni og ofarlega í hliðinni. Hitamælarnir taka mælingar reglulega eftir að í körin hefur verið komið veiddum afla. Hitastigs upplýsingarnar eru svo geymdar í minniskorti sem síðan er tengt svokölluðu snjallkortakerfi, en þannig verða upplýsingarnar aðgengilegar með handhægum hætti, jafnvel þráðlaust. Allar upplýsingar mælinganna mætti vista jafnóðum í gagnagrunn bátsins, gagnagrunninn mætti gera miðlægan og þannig gæti eftirlit með hitastigi fisksins átt sér stað í gegnum tölvur.

Verðmætaaukning gæti hæglega skapast með þessari tækni. Tæknin eykur meðvitund og virkar sem jákvæð hvatning á sjómennina, sem huga enn betur að kælingu aflans. Þessi nýjung myndi auka traust á íslenskum sjávarafurðum bæði á Íslandi sem og á heimsvísu.

*Tengiliður: Bjarnþór Egilsson*

## Umhverfisvænn orkugjafi

### Fljótandi metan - Framtíðar orkugjafi sjávarútvegs á Íslandi

Hugmyndin felst í að nota LNG orku (fljótandi metan) í stað olíu og stuðla að orkusparnaði sjávarútvegs og takmarka umhverfisáhrif. LNG hefur ýmsa kosti umfram olíu: ódýrara en olía, mengar minna, er umhverfisvænasta jarðaefnaeldsneyti sem völ er á og „grænn valkostur“ íslensks sjávarútvegs. Væntanlegur afrakstur við notkun LNG er minni losun $CO_2$ og NOx og ekkert sót í útblæstri, né óhreinindi í eldsneyti. Reikna má með minni orkukostnaði, minna vélasliti og viðhaldi véla, betri orkunýtingu, minni smurolíunotkun fiskiskipa og lægri $CO_2$ skattur í framtíðinni

Hugmyndin mun hafa áhrif til góðs fyrir ímynd íslenskra afurða og er einstakt sóknarfæri fyrir íslenskan sjávarútveg þar sem farið getur saman orkusparnaður við fiskmjölsvinnslu og fiskveiðar samhliða jákvæðu umhverfisátaki með samstarfi við flutningsaðila fiskafurða. Hægt er að stefna að LNG orkunotkun íslensks sjávarútvegs í áföngum og setja ætti markmið um 50% LNG orkunotkun árið 2020. Allt ferlið verði nýtt sem grænt markaðsátak íslensks sjávarútvegs við sölu afurða með grænni vottun afurða samhliða stefnumörkun á framtíðar orkugjafa íslensks sjávarútvegs.

*Tengiliður: Kristinn Pétursson*

## Þorskeldi í fjörðum og skelrækt á grunnsævi

### Horft til framtíðar !

„Framtíðarframúrstefnuhugmyndin“ fjallar um náttúrulegt, vistvænt og sjálfbært fiskeldi t.d. þorsk. Hugmyndin kemur frá Lóninu á Suðureyri, sem er sjávarlón sem afmarkaðist þegar nýr þjóðvegur var lagður. Ræsi sem eru í vegfyllingu tryggja nægileg sjávarskipti og stundað hefur verið tilraunaeldi með þorsk síðan ‹95. Niðurstaðan er sú að hægt er að ala fisk í náttúrulegu og afmörkuðu umhverfi. En spurning er hvort þetta er hægt fyrir heilan fjörð?

Þar sem fyrirhugað er að þvera firði á Barðaströndinni til samgöngubóta er kjörið tækifæri að samnýta sem best þá sem koma að verki, nýta ræsi í vegfyllingu og koma fyrir hverflum til raforkuframleiðslu, en einnig hindrun á því að fiskar leituðu út. Innst í firðinum þar sem ferskvatn er sem mest má gjarnan vera með silung, síðan seiði og kjörið er að rækta krækling til að auka hreinleika sjávar. Fóðurstöð væri færð reglulega til að minnka botnmengun, en fisk er auðvelt að venja á fóðurstöð t.d. með hljóði.

Stofnkostnaður er vissulega mikill en með samþættingu Vegagerðar, Rarik, Hafró og fleiri aðila væri hægt að halda kostnaði í lágmarki, og nýta nýjustu tækni sem völ er á. Eftir fyrstu slátrun á þetta að rúlla um ókomna framtíð, og arður yrði verulegur fyrir þjóðarbú, og sem góð auglýsing fyrir Ísland út á við fyrir nýtingu náttúruauðlinda með sjálfbærni og náttúruvernd að leiðarljósi.

*Tengiliður: Jens Daníel Holm*

### Stórtæk skelrækt á grunnsævi Íslands

Nýting auðlinda á strandsvæðum var fyrr á öldum samofin afkomu þjóðarinnar og menningu landsins. Þróunarstarf í kræklingarækt hefur verið unnið víða um land og ljóst er að vöxtur skelfisks er hægari hérlendis en víða annars staðar, sem hækkar framleiðslukostnað. Færð eru rök fyrir því að samkeppnisforsendur okkar Íslendinga liggur í því að selja vottaða vöru frá hreinum og ómenguð hafsvæðum, á stöðugt stækkandi markað fyrir heilnæmt sjávarfang. Takist vel til eru lítil takmörk fyrir framleiðslumagni hérlendis og með auknu fiskeldi í sjó skapast bætt skilyrði fyrir skelrækt. Lagt er til að komið verði á fót þróunarsetri í skelrækt með aðkomu opinberra aðila til að stórefla rannsóknastarf við kynbætur á skeldýrum, klakrannsóknir á innlendum og erlendum tegundum og efla rannsóknir á grunnsævi, bæði með mannafla og tækjum. Íslendingar eru matvælaframleiðsluþjóð og ræktun skelfisks mun auka framboð af hágæða sjávarfangi og getur þannig styrkt ímynd landsins og sjávarútvegsgeirans. Skelrækt getur einnig verið stórkostlegt verkfæri til að styrkja einstök landssvæði og bæjarfélög og sveitir. Af hverju geta bændur ekki ræktað ostrur eða annan skelfisk á 3-6 árum hérlendis, samhliða því sem þeir bíða eftir að skógurinn gefi uppskeru eftir 30 ár ?

*Tengiliður: Jón Örn Pálsson*

## Miðlun upplýsinga –Verkefnamiðlun og ímynd fyrir ungt fólk

### Umræðu- og rannsóknarvefur

Hugmyndin er sú að stofna umræðu- og rannsóknavef sem brúar bilið milli þeirra sem hafa rannsóknar spurningar sem miðaðar eru að sjávarútvegi og þeirra sem færir eru um að svara slíkum spurningum.Vefurinn myndi nýtast nemendum til að nálgast raunhæfar hugmyndir að ritgerðum eða rannsóknarverkefnum. Á vefnum ættu fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum að óska eftir aðstoð stúdenta eða annarra fræðimanna við rannsóknir á hinum ýmsu fyrirbærum, en þannig myndi vefurinn einnig hjálpa til við að tengja saman stúdenta og atvinnulíf tengt sjávarútvegi. Það hlutverk vefsins er sér í lagi mikilvægt í ljósi þess að ungt fólk



Dómnefnd Framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012: Lúðvík Börkur Jónsson, Halldór Ármannsson, Guðrún Ólafsdóttir (formaður dómnefndar), Hjálmar Sigurþórsson og Ásgeir Ásgeirsson.

í dag á það til að líta á sjávarútveg sem grein fortíðarinnar, en sú er ekki raunin. Mikilvægt er að opna augu ungs fólks fyrir þeim breytingum sem starfsemi tengd sjávarútvegi hefur tekið undanfarna áratugi og hjálpa þeim að sjá þau tækifæri sem greinin hefur uppá að bjóða. Rannsóknir eru lykillinn að allri nýsköpun.'Umræðu og rannsóknarvefur', gæti stóraukið rannsóknir tengdum sjávarútvegi. Fyrirtæki í greininni munu spara sér bæði tíma og peninga með því nota vefinn til að tengjast rannsóknaraðilum og háskólanemum. Nemendur munu öðlast gagnagrunn með ógrynni af hugmyndum að áhugaverðum rannsóknarverkefnum. Auknar rannsóknir munu auka á tækninýjungar og nýtinga möguleika í greininni sem svo skilar sér í bættri afurð íslensks sjávarfangs.

*Tengiliður: Linda Björk Bryndísardóttir*

### Fiskibókin, framúrstefnuhugmynd til að efla íslenskan sjávarútveg.

Hugmyndin felst í því að gera vefútgáfu af íslensku fiskibókinni þar sem fylgt verður sömu hugmyndfræði sem



Svifaldan, verðlaunagripur framúrstefnuhugmyndar Sjávarútvegsráðstefnunnar.

nýttist með ágætum hætti við útgáfu á íslensku kjötbókinni hjá Matís. Bókin væri það gagn sem leitað yrði fyrst til þegar leitað er upplýsinga um hvaðeina sem varðar fisk. Byrjað væri á flokkun eftir vistsvæðum fiska s.s. bolfiskur, flatfiskur, uppsjávarfiskur, ferskvatnsfiskur o.s.frv. Í hvern flokk fara síðan þær tegundir sem mögulegt er að nýta hér, á eða við land. Hverri tegund er lýst ásamt upplýsingum um hvenær ársins hún er veiðanleg og hvar. Farið verður í vinnslu- og nýtingarmöguleika og aðferðum tengdum þeim, nýtingartölur og grunn næringarupplýsingar bæði á heilum fiski og einnig á einstökum afurðum. Sem viðhengi við afurðir er síðan tenging við uppskriftir sem finna má á hinum ýmsu vefsvæðum og einnig yrði útbúin tenging milli bókarinnar og næringarefna gagnagrunnsins Ísgem. Upplýsingar um veitt magn á tilteknu tímabili ættu heima í útgáfunni og jafnvel hvar og hvenær mögulegt sé að nálgast viðkomandi afurð. Aðrir kaflar gætu verið t.d. upplýsingar um hreinleika afurða, sjálfbæra nýtingu, rekjanleikamöguleika, skipting markaða eftir með sölutölum, áætlaða veiði samkvæmt heimildum, samantekt rannsókna, lög og reglugerðir sem snerta þennan málaflokk.

Með útgáfu íslensku fiskbókarinnar verður brotið blað í upplýsingamiðlun fróðleiks um sjávarfang. Vefbókin er í raun lifandi gagn, sem getur tekið breytingum eftir þörfum og með þeim margmiðlunar útfærslum sem völ er á í dag eru útgáfunni fá takmörk sett.

*Tengiliðir:* Óli Þór Hilmarsson, Jón Trausti Kárason

## Félagslegir og hagrænir þættir – Bætt ímynd íslensks sjávarútvegs

### Betrumbæting við úthlutun kvóta

Hugmynd um betrumbætingu við úthlutun kvóta er sú að þegar kemur að pottaúthlutunum, væri horft til þeirra sjómanna sem hafa stundað sjómennsku allan sinn starfsferil. Hægt verði að fara eftir lögskráðum dögum þeirra á sjó og veita þannig aflamörk eftir því hversu mörg x ár þeir hafa unnið. Þetta mun leiða til nýliðunar í atvinnugreininni með því að losa um pláss á stærri skipunum fyrir nýliða. Jafnframt geti eldri menn með minni afkastagetu hætt fyrr á sjó og eru þá ekki baggi á áhöfn sem felst í hugsanlega minni slysahættu. Menn í dag neyðast flestir til að róa þangað til að líkaminn segir stopp, og erfitt er að stunda sjómennsku ef árin eru farinn að segja til sín í heilsu og öðru.

Kostir og gallar eru líklega margir en hægt er að horfa til nýliðunar í sjávarútvegnum sem leiðir til sköpunar á fleiri störfum, meiri afköstum, minni slysahættu um borð, einnig yrðu störf til sjós fýsilegri kostur með svona verðlaunakerfi. Gallar eru jafnvel þeir að ekki vilji allir veiða þann kvóta sem þeir hafa unnið sér inn og er því hægt að hafa það sem skilmála að kvótinn verði ekki framseljanlegur og þyrfti skipverjinn sem að fær úthlutunina að vera skráður á þann

bát sem sækir fiskinn. Og þeir sem ekki hyggja á að nýta sér kvótann þá fer hann aftur í pott sem deilist á næstu sem sækja um.

*Tengiliður: Tanja Dögg Guðjónsdóttir*

**Veiðiheimildir og skuldir sjávarútvegs**

Í nokkurn tíma hefur verið í umræðunni að færa veiðiheimildir sjávarútvegsfyrirtækja í ríkishendur og úthluta á nýjan máta, en því fylgja ýmis vandamál m.a. vegna aukinna útgjalda sjávarútvegsfyrirtækja sem kemur í veg fyrir framþróun í greininni. Framúrstefnuhugmyndin felst í því að allar skuldir sjávarútvegsfyrirtækja í bönkum sem komnar eru til vegna kaupa á veiðiheimildum væru settar í einn sjóð sem tilheyrði ríkinu. Skuldir þessar yrðu greiddar af öllum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru með veiðiheimildir, hvort sem fyrirtæki skuldar eða skuldar ekki vegna kaupa á veiðiheimildum. Hlutur sem hver útgerð þyrfti að borga í þessum skuldapakka færi eftir þorskígildum, sem hver útgerð hefur yfir að ráða. Einhverjir fyrirvarar og ráð verða að vera fyrir fyrirtæki, sem ekki skulda vegna veiðiheimilda, en eru skuldsett vegna fjárfestinga í tækjabúnaði eða öðru. Einnig takmarkar þetta nokkuð framsal veiðiheimilda tímabundið en ekki leigu.

Þessi hugmynd leysir þann vanda sem skuldir vegna kaupa á veiðiheimildum eru á sjávarútvegsfyrirtækjum og með þessum hætti getur ríkið endurskipulagt framsal veiðiheimilda í framtíðinni. Þegar skuldin hefur verið greidd að fullu er hugsanlegt að halda þessari innheimtu áfram og nota í sjóð, sem verði nýttur til atvinnuuppbyggingar, til rannsókna á veiðafærum, verndun á lífríki sjávar, styrkingu náms og fleiri verkefni sem koma greininni og frekari atvinnuuppbyggingu til góða.

*Tengiliður: Halldór Pétur Ásbjörnsson*

## Mat á framúrstefnuhugmyndum – Svifaldan 2012

Við mat á hugmyndum voru gefnar einkunnir fyrir matsþætti sem dómnefndin kom sér saman um og gefið var mismunandi vægi. Á þennan hátt var matið gagnsætt og forgangsröðun hugmynda auðvelduð. Niðurstöður dómnefndar um bestu hugmyndirnar verða kynntar á Sjávarútvegsráðstefnunni og veitt verða verðlaun, verðlaunafé og viðurkenningar til þeirra sem standa að þremur bestu hugmyndunum að mati dómnefndar. Verðlaunin eru eins og í fyrra táknrænn verðlaunagripur sem hefur hlotið nafnið ***Svifaldan*** og er gefinn af TM.

Öllum þeim sem sendu inn hugmyndir er þakkað fyrir framtakið og vonast er til að kynning hugmynda og umræða verði til þess að styðja við ímynd Íslands sem framleiðsluland á hágæða sjávarafurðum. Hugmyndirnar eru innlegg í umræðu um tækni og vistvæna frumframleiðslu (veiðar og eldi), efling á rannsóknum og nýliðun í greininni og hvatning til ungs fólk til að taka þátt í spennandi verkefnum í sjávarútvegi. Hugmyndir um félagslega og hagræna þætti eru einnig til umræðu, en nauðsynlegt er að hafa heildarsýn til að styðja við sjálfbæra þróun íslensks sjávarútvegs. Þeir sem vilja fá frekari upplýsingar um tillögurnar og höfunda er bent á að hafa samband við Valdimar Inga Gunnarsson (netfang: valdimar@sjavarutvegur.is).

**LÖNDUN EHF.**

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.



**Fyrirhyggja, lipurð og samviskusemi einkenna þá þjónustu sem við veitum**



Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

# Íslenskur sjávarútvegur 2012



Fundarstjóri:
Sveinn Margeirsson
Forstjóri
Matís ohf.

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Fimmtudagur | 10:00-12:00 |

Opnunarmálstofa Sjávarútvegsráðstefnunnar gefur yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg og fjallar um mikilvæg og stór málefni sem snerta greinina til skemmri og lengri tíma. Hugsanleg áhrif breytinga í sjónum eru skoðuð með tilliti til framboðs af fiski og skoðað hvernig sjávarþorp á Ísland muni breytast á næstu áratugum. Framúrstefnuverðlaunin verða veitt í annað skiptið, en þau eru hvatning til þeirra sem hafa nýjar hugmyndir sem styrkja greinina.



Umsjónarmaður málstofu: Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe



Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra

## Setning Sjávarútvegsráðstefnunnar 2012



Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe

## Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2012 og heimsafla

Töluleg greining á framboði sjávarfangs til íslensks sjávarútvegs 2012 úr veiðum innan og utan landhelginnar, eldi og innflutningi á hráefni og breytingar frá fyrra ári greindar. Hverjir eru mikilvægustu markaðir Íslendinga og hvað hefur breyst á liðnum árum og hverjir eru stærstir afurðaflokkar í útflutningi. Hlutdeild Íslands í heimsafla er skoðað fyrir helstu tegundir og borin saman við framboð frá Noregi og Evrópusambandinu.



Jóhann Sigurjónsson
Forstjóri
Hafrannsóknastofnunin

## Um hugsanleg áhrif breyttra umhverfisskilyrða á næstu áratugum á framboð af fiski frá Íslandi

Rannsóknir á sveiflum í umhverfisskilyrðum í hafinu í kringum Ísland og áhrif þeirra á lífríkið á sögulegum tíma hafa fært okkur mikilvæga vitneskju. Í erindinu er skoðuð þróunin síðustu öldina þar sem skipst hafa á köld og hlý tímabil, en hlýskeið hefur ríkt síðustu 10-15 ár. Spár sérfræðinga benda til að í hönd fari tímabil heimshlýnunar af mannavöldum, sem hafa mun gríðarleg áhrif á skilyrðin í Norðurhöfum. Fjallað verður um hugsanleg áhrif þessara breytinga á sjávarfang Íslendinga, metnar ógnanir þessu fylgjandi og tækifærin fyrir íslenskan sjávarútveg.



Anna Karlsdóttir. Lektor
Land- og ferðamálafræði
Háskóla Íslands

## Sjávarþorpið 2030

Landslagið í íslenskum sjávarútvegi hefur breyst hvert sem litið er. Í erindi þessu verður vöngum velt yfir núverandi stöðu sjávarbyggða á Íslandi og úr hvaða jarðvegi hún er sprottin. Framtíð mótast af fortíð og nútíð og ekkert sprettur fram úr tóminu. Íbúar hafa kvarnast úr fjölmörgum sjávarbyggðum á meðan að atvinnulíf hefur tekið breytingum. Hvaða lausnir geta falist í framtíðarþróun sjávarbyggðanna þó á brattann sé að sækja á ýmsum sviðum? Fjallað verður um fjölþættingu atvinnulífs í landsbyggðum landsins, aðstöðumun fyrirtækja og flutningsgjöld, byggðastefnu og sjávartengda atvinnustarfsemi. Hve er grundvöllur fyrir endurnýjun byggða og nýsköpun og hvernig munu byggðarlög geta tekið á lagasetningum um auðlindaskatt?



Hjálmar Sigþórsson
framkvæmdastjóri
fyrirtækjaþjónustu hjá TM

## Afhending framúrstefnuverðlauna

Kynnt verður niðurstaða dómnefndar um val framúrstefnuhugmynda. Veitt verða verðlaun sem gefið hefur verið nafnið Svifaldan og eru verðlaunin gefin af Tryggingamiðstöðinni sem er einn af helstu bakhjörlum Sjávarútvegsráðstefnunnar. Framúrstefnuverðlaununum er ætla að vera hvatning til að efla samstarf og nýsköpun til að styðja við ímynd Íslands og arðsemi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og tengdra greina.




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratugareynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Ragnar Guðjónsson hefur starfað við fjármögnun sjávarútvegs í 40 ár.

Ragnar er viðskiptastjóri í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Eiga Íslendingar að vera með sameiginlegt markaðsstarf?

## Málstofa A1

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Fimmtudagur | 13:30-15:00 |



Málstofustjóri:
Bylgja Hauksdóttir
Útibústjóri North Coast Seafoods á Íslandi

Þetta er spurning sem áhugavert er að ræða nú þegar íslenskur fiskur á í harðri og vaxandi samkeppni ekki síst vegna mikillar aukningar á þorskkvóta Rússa og Norðmanna í Barentshafi. Í málstofunni fáum við að heyra hvernig Norðmenn standa að sameiginlegu markaðsstarfi. Við fáum sjónarmið úr íslenskum sjávarútvegi og veltum fyrir okkur hvort sameignlegt markaðsstarf geti skilað okkur meiri verðmætum? Einnig verður fjallað um mögulegar leiðir í sameiginlegu markaðsstarfi.



Umsjónarmaður málstofu:
Inga Jóna Friðgeirsdóttir
Framkvæmdastjóri
Brim hf.



Terje E. Martinussen
Managing Director
Norwegian Seafood Council

### Joint marketing of Norwegian Seafood

We believe that "The best seafood in the world comes from Norway" and that is what the Norwegian Seafood Council (NSC) wants people all over the world to believe.
In my presentation I will explain how NSC is organised, how we promote Norwegian Seafood and what kind of results we are achieving.



Guðmundur Kristjánsson
Forstjóri
Brim hf.

### Sjónarmið úr íslenskum sjávarútvegi

Í mínu erindi mun ég segja frá minni reynslu síðustu 25 árin af markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum. Tekið er dæmi um saltfiskinn á Spáni, markaðsetningu hans og þróun framleiðanda á Íslandi. Hvað getum við gert í dag og á næstu árum.



Guðný Káradóttir
Markaðsstjóri Iceland Responsible Fisheries
Íslandsstofa

### Vettvangur og mögulegar leiðir í sameiginlegu markaðsstarfi

Íslandsstofu er markað það hlutverk að vera vettvangur markaðs- og kynningarmála landsmanna á erlendri grund. Sjávarafurðir sem er ein mikilvægasta útflutningsafurð Íslendinga og áherslusvið í starfi Íslandsstofu. Fjallað verður um mögulegar leiðir og mótun stefnu fyrir Ísland í samþættu markaðsstarfi sem miðar að því að auka áhuga og stuðlar að því að auka eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum. Ímynd og miðlun á skilaboðum sem skapar aukinn slagkraft og þekkingu í harðnandi samkeppni.

# Heildarlausnir fyrir sjó-og landvinnslu



- Kassar
- Öskjur
- Arkir
- Pokar
- Filmur

- Skór
- Stígvél
- Vettlingar
- Vinnufatnaður,
- Hnífar
- Brýni
- Bakkar
- Einnota vörur o.fl.

CoolSeal








SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

# Málstofa B1

**Ráðstefnusalur:** Hvammur **Dagur:** Fimmtudagur **Tímasetning:** 13:30-15:00



Málstofustjóri:
Ásthildur Sturludóttir
Bæjarstjóri
Vesturbyggðar

Markmið málstofunnar er að heyra af tækifærum í fiskeldi sem þegar hafa sannað sig og öðrum sem geta skapað tækifæri í framtíðinni. Ísland er á eftir nágrannalöndum í fiskeldi og nauðsynlegt að vera stöðugt að meta nýja kosti sem geta hentað hér á landi.



Umsjónarmaður málstofu:
Anna K. Daníelsdóttir
Sviðsstjóri
Matís ohf.



Jónatan Þórðarson,
Eldisstjóri
Fjarðarlax

## Hvernig á laxeldið að geta gengið á Íslandi?

Fiskeldi er nú í mikilli sókn á Íslandi á ný. Víða um land eru spennandi verkefni í uppbyggingu og mörg atvinnutækifæri að skapast. Íslendingar eiga hreinasta vatn í heimi og geta státað sig af grænni orkuframleiðslu. Getum við nýtt sérstöðu okkur til að framleiða umhverfisvottaða vöru og mæta þannig háum framleiðslukostnaði? Í upphafi nýrrar fiskeldisbylgju á Íslandi er lag að staldra við og læra af þeim löndum í kringum okkur sem hafa marga fjöruna sopið í sjókvíaeldi. Eða eigum kannski að gera sömu mistökin..?



Steindór Sigurgeirsson
Forstjóri/eigandi
Nautilus Equity Holdings

## Eldi hlýsjávartegunda

Erindið fjallar um möguleika á eldi hlýsjávartegunda á Íslandi, með því að nýta auðlindir eins og heitt vatn og orku. Samkeppnishæfni slíks eldis gagnvart framleiðslu í þriðja heims löndum, og nýjum tæknivæddum eldisstöðvum á nærmörkuðum. Tekið er dæmi af eldi í Asíu og hvernig eldisstöð þar setti sig upp og fór að ala kaldsjávarfisk á "heitu svæði" til að vera sem næst markaði.



Sjöfn Sigurgísladóttir
Eigandi
Íslensk matorka ehf.

## Sameldi hlývatns- og kaldvatnstegunda

Græna Hringferlið felur í sér að bæði kalt og heitt vatn er notað fyrir eldi á tveimur fisktegundum sem þurfa ólíkar eldisaðstæður. Önnur tegundin, bleikja, vex best við 8-10°C og hin, Hekluborri, við 28°C. Vatnið er endurnotað 70 % að hámarki án þess að þörf sé á lífhreinsum. Sameldið skilar sér í hagkvæmari eldisaðferðum, lægri kostnaði og betri nýtingu aðfanga



Sarah Helyar
Verkefnisstjóri
Matís ohf.

## The application of genetics to aquaculture

Global aquaculture production continues to grow rapidly, however only a small proportion of the animals and plants being used come from managed breeding and improvement programmes. The biology of aquatic organisms offer many opportunities for rapid genetic gains as new genetic and genomic techniques make the management of improvement programmes feasible in a wider range of species. The application of a wide range of techniques, many unique to aquatic organisms, is discussed, together with their potential to secure aquaculture production in the future.

# From single components to complete aquaculture solutions...



AKVA group is a leading supplier of land based and cage farming aquaculture technology - from single components to complete projects. Large numbers of cages, workboats, net cleaners, nets, feed barges, feed systems, sensors, cameras, underwater lights, recirculation systems and software are currently in use on a wide variety of farms all around the world.



*Flexible quality cages and feed barges designed for extreme weather conditions.*



*AKVA group offers a wide range of high quality products and services related to land based aquaculture.*



*Modern and advanced land based projects with recircultation systems.*

**www.akvagroup.com**

AKVA GROUP™

# Málstofa A2

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
| --- | --- | --- |
| Gullteigur | Fimmtudagur | 15:30-17:00 |



Málstofustjóri:
Ólöf Ýr Lárusdóttir
Forstjóri
Vélfag ehf.

Ítrekað hafa íslensk stjórnvöld komið með þau áform að setja í reglugerð þá kröfu að allt hráefni komi á land. Eflaust má bæta nýtingu á aukahráefni um borð í íslenskum fiskiskipum en því getur fylgt mikill kostnaður og aukið vinnuálag. Fjallað verður um hvað er tæknilega framkvæmalegt um borð í fiskiskipum og tækifærin við vinnslu og markaðssetningu aukaafurða.



Umsjónarmaður
málstofu:
Hjörtur Gíslason
Forstjóri Ögurvík hf.



Sigurjón Arason
Yfirverkfræðingur og dósent
Matís ohf. og Háskóli Íslands

## Hvað er tæknilega framkvæmalegt að nýta aukahráefni um borð í fiskiskipum?

Nýting aukahráefnis hefur farið vaxandi síðustu ár. Rétt meðhöndlun aflans hefur mikil áhrif á gæði aukahráefnis og verðmæti þess. Bestu líkurnar á að ná skjótum og góðum árangri er að huga að því hráefni sem byrjað er að nýta og góðar markaðshorfur eru fyrir og þola aukið framboð. Um borð í línuskipum og ísfiskskipum er stærsta hluta lifrar og hrogna safnað. Hluti af aukahráefni sem fellur til við vinnslu um borð í frystitogurum er hirt til frekari vinnslu í landi eða er flutt til útlanda sem hráefni til frekari vinnslu. Í þessu erindi mun verð lögð áhersla það sem er gert vel hjá fiskiskipum og hvað mætti gera betur.



Haukur Már Gestsson
Hagfræðingur
Íslenski sjávarklasinn

## Tölfræðilegur samanburður á nýtingu þorsks í Norður Atlantshafi

Samhliða minnkandi aflaheimildum síðustu áratugi hefur þörfin á fullnýtingu sjávarafla aukist mikið. Eitt verkefna Íslenska sjávarklasans hefur það markmið að auka nýtingu sjávarafurða en fyrsti áfanginn í því verkefni er tölfræðileg rannsókn á nýtingu þorsks í fjórum löndum við Norður-Atlantshaf. Með því að bera saman gögn um landaðan afla, innflutning hráefnis, innlenda neyslu og útflutning var nýtingarhlutfall þorsks í Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Kanada borið saman.



Hjörtur Gíslason
Forstjóri
Ögurvík hf.

## Hver eru tækifærin og hindranir við nýtingu aukahráefnis?

Ítrekað hafa íslensk stjórnvöld komið með þau áform að setja reglugerð með þá kröfu að allt hráefni komi á land. Þó það sé pólitískt mjög fallegt þá eru ýmsar hindranir í vegi eins og skipakostur, tækni, markaðir og loks kaupendur. Í tímans rás var margt skilið eftir í hafinu, fisktegundir eins og háfur, karfi og skötuselur voru oft sett í hafið hér áður fyrr, en eru í dag aðalafurðir en ekki aukaafurðir. Þannig eiga stjórnvöld að vera hvetjandi í þessari vinnu en ekki gera óraunhæfar kröfur til greinarinnar.



Hólmfríður Sveinsdóttir
Sérfræðingur
Matís ohf.

## Tækifæri við vinnslu á aukahráefni

Vinnsla á aukahráefni fær sífellt meira vægi í allri umræðu um nýtingu sjávarauðlinda og verðmætasköpun tengdri henni. Lífefni á borð við prótein og sykrur er að finna í aukahráefni og búa mörg þessara lífefna yfir virkni sem er mjög eftirsótt í matvæla- og lyfjaiðnaði. Í erindinu verður fjallað um hvernig hægt er með rannsóknum og þróun að vinna lífefni með staðfesta eftirsótta virkni úr aukahráefni o.þ.a.l. auka verðmæti sjávarauðlinda.




Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

ODDI

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.**
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Prentun frá A til Ö

# Er framtíð í fullvinnslu á Íslandi?

## Málstofa B2

**Ráðstefnusalur:** **Hvammur** | **Dagur:** **Fimmtudagur** | **Tímasetning:** **15:30-17:00**



Málstofustjóri:
Anna H. Þorsteinsdóttir
Svæðissölustjóri í
magnvörudeild Lýsis hf.

Á málstofunni verður fjallað um tækifæri til að fullvinna sjávarafurðir hér á landi. Það er oft talið að fullvinnsla þýði einungis að framleiða fiskrétti með sósu og meðlæti, en það er misskilningur. Styrkur íslensks sjávarútvegs felst í að vinna úr ferskum fiski flök, flakahluta, hausa eða aðrar afurðir eins mikið og þarfir kaupenda eru og sem skilar hæstu verði og stöðugri sölu. Ræðumenn í ólíkum vinnslugreinum og starfsemi kynna sína sýn á tækifærum í framtíðinni.



Umsjónarmaður
málstofu:
Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe



Lárus Ásgeirsson
Forstjóri
Icelandic group

**Eru forsendur fyrir fullvinnslu frystra flakaafurða á Íslandi?**
Stór hluti af botnfiskafla við Ísland er unninn í fryst flök á ýmsu formi. Flökin eru flutt út til markaða í Evrópu og Bandaríkjunum. Skoðað verður hvað verður um flakaafurðirnar, helstu viðskiptavinir og markaðir og velt upp þeirri spurningu hvort forsendur séu fyrir fullvinnslu þeirra. Hluti umræðunnar er að fjalla um skilgreiningu á fullvinnslu fiskafurða almennt og þá sérstaklega frystra flaka og verðmæti einstakra afurða.



Vigfús Þórarinn
Ásbjörnsson
Stöðvarstjóri
Matís ohf. á Höfn

**Hvaða tækifæri eru í fullvinnslu á uppsjávarfiski á Íslandi?**
Farið verður yfir helstu tækifæri í sjávarútvegi í tengslum við fullvinnslu á uppsjávarafurðum á Íslandi. Hvað sé verið að gera í slíkum verkefnum tengdum Matís. Einnig verður farið yfir af hverju meiri áhersla ætti að vera lögð á vöruþróun á fullvinnslu á uppsjávarafurðum og í hvaða formi virðisaukning getur skilað sér inn í sjávarútveginn á Íslandi bæði almennt og sértækt.



Magnús B. Jónsson
Framkvæmdastjóri
Iceland Seafood SI.

**Saltfiskur, hvar liggja tækifærin?**
Stutt yfirlit yfir helstu saltfiskmarkaði og saltfiskafurðir sem þar er að finna. Þá er farið yfir möguleika á þróun í þessum afurðum markaðslega og/eða vöruþróunarlega. Loks verður reynt að horfa fram á veginn og sjá hvar tækifærin gætu legið í vöru- og markaðsþróun á saltfiskafurðum frá Íslandi.



Arnar Jónsson
Verkefnisstjóri
Íslenski sjávarklasinn

**Codland**
Síðustu ár hafa afgangshráefni fisks sem áður voru talin einskis virði öðlast gildi og eru nú nýtt í framleiðslu á ýmsum heilsutengdum vörum. Meðal hráefna má nefna hausa, bein, roð og nú nýlega slóg. Codland er fullvinnslufyrirtæki með það að markmiði að efla vitund fyrir þeim verðmætum sem eru að finna í afgangshráefni fisktengdra afurða. Codland hefur markað sér þá stefnu að leggja kapp á markvissa þróunarvinnu og til að byrja með mun áherslan vera á nýtingu bolfisksslógs til hrálýsis- og mjölframleiðslu. Möguleiki er á stækkun verksmiðjuhúsnæðis undir annars konar vinnslu eins og ensímframleiðslu. Helsta nýjungin í þessu verkefni er sýrulaus slógvinnsla og nýting jarðvarma við vinnsluna. Markaður fyrir fullunnar aukaafurðir hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum. Eftir því sem spurn eykst eftir villtu og sjálfbæru prótíni aukast kostir þess að fullnýta enn frekar slóg.




# FAKTORING
## BRÚAR BILIÐ

Faktoring opnar fyrir ný tækifæri í fjármögnun fyrirtækja og liðkar fyrir rekstri þeirra með betra fjárstreymi. Þjónustan gefur kost á fjármögnun í gegnum útistandandi viðskiptakröfur og brúar þannig bilið á milli lánsviðskipta og staðgreiðslu.

- Útistandandi kröfur verða handbært fé
- Betra flæði lausafjár
- Fjármögnun í samræmi við vöxt þíns fyrirtækis
- Aðstoð við innheimtu krafna
- Greiðslufallstrygging

Þú færð nánari upplýsingar hjá sérfræðingum Faktoring hjá Arion banka í síma **444 7000** eða á **arionbanki.is/fyrirtaeki**.

Arion banki

# Heimsframboð helstu botnfisktegunda



Málstofustjóri:
Alda Möller
Framkvæmdastjóri
Groundfish
Forum og eigandi
ráðgjafarfyrirtækisins
Einstaks

## Málstofa A3

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Gullteigur | Föstudagur | 09:00-10:30 |

Legið hefur fyrir í nokkurn tíma að framboð af botnfiski í heiminum er farið að vaxa á nýjan leik eftir nánast samfellt hnignunarskeið í 20 ár. Magnið af villtum fiski sem keppir á mörkuðum sem „hvítfiskur“ hefur nú aukist um 15-20% frá árinu 2009 en á sama tíma stendur kaupmáttur í stað eða dregst saman í Evrópu, BNA og Japan. Málstofan fer yfir stóru línurnar í heimsframboðinu og spyr: Af hverju þessi vöxtur í veiðum? Hvaðan er þessi fiskur að koma? Í hvaða vöruformi? Hvaða markaðir geta tekið þetta umframmagn?.



Umsjónarmaður málstofu:
Lúðvík Börkur Jónsson
Framkvæmdastjóri
Berghóll



Lúðvík Börkur Jónsson
Framkvæmdastjóri
Berghóll ehf.

### Heimsframboð helstu botnfiskstegunda síðustu ár og horfur fyrir 2013

Lúðvík Börkur fer yfir framboðið úr Kyrrahafi en þar má telja Alaska ufsa, þorskinn, nokkrar lýsingstegundir og hoki. Skoðað verður hvernig magnið hefur þróast síðustu ár og spá Groundfish Forum fyrir árið 2013. Reynt verður að meta í hvaða vörutegundum aukningin hefur skilað sér. Fyrir Atlantshaf verður á sama hátt farið yfir alla helstu þorskstofna, ýsustofna, ufsa og karfa ásamt helstu lýsingstegundum. Þróun síðustu ára og spá Groundfish forum fyrir árið 2013. Samtals er áætlað að þessir stofnar skili rúmum 7 miljónum tonna á land árið 2012 sem er aukning um milljón tonn frá árinu 2009.



Yimin Ye
Senior Fishery Resources Officer
Food and Agriculture Organization

### Stock status and recent consumption trends of major groundfish species

Groundfish are among the most internationally traded species. Over the last few years, the supply of major groundfish species increased, but their market prices decreased. Is this increasing trend in supply caused by improved stock status as a result of good management or is just a temporal phenominum resulting from changes in environmental conditions. This presentation will examine the landings trends and stock status of major groundfish species, contrast them with those of global marine fishery resources, and discuss the prospects for their production and long-term sustainability.



Helgi Anton Eiríksson
Forstjóri
Iceland seafood
International

### Eru nýir markaðir að taka við auknu framboði botnsfisks

Helgi mun fjalla um stöðu nýmarkaða fyrir þorsk í ljósi aukningar heimsframboðs og mun leitast við að svara spurningunni um hvert aukið framboð muni fara. Veruleg aukning hefur orðið í þorskframboði hin síðustu ár og hafa hefðbundnir markaðir tekið við því að mestu. Suður Evrópa hefur neytt um helmings alls Atlantshafsþorsks síðustu ár en ljóst er að frekari vöxtur þessara markaða á næstu misserum verður takmarkaður.



Sturlaugur Haraldsson
Vice President – Sales
Ocean Trawlers Europe
Ltd.

### Aukinn þorskkvóti í Barentshafi. Hvernig og hvar mun aukið framboð birtast?

Fjallað verður um ástæður mikillar aukningar á þorskkvóta í Barentshafi og horfur fyrir næstu ár. Skoðað verður hverjir það eru sem veiða úr þessum stofni og hvernig þessum afla er ráðstafað á helstu markaði. Hvar mun kvótaaukningin koma fram og hvaða áhrif mun þetta hafa á mismunandi markaði til skemmri og lengri tíma.




Iceland Responsible Fisheries auðkennir íslenskt sjávarfang og ábyrgar fiskveiðar.

Stöndum saman og kynnum sjálfbæra nýtingu fiskistofna fyrir komandi kynslóðir.

www.ResponsibleFisheries.is

ICELAND RESPONSIBLE FISHERIES

# Framboð og eftirspurn uppsjávarfiska í N-Atlantshafi

## Málstofa B3

| Ráðstefnusalur: | Dagur: | Tímasetning: |
|---|---|---|
| Hvammur | Föstudagur | 09:00-10:30 |



Málstofustjóri:
Grímur Valdimarsson
Ráðgjafi
Skrifstofa sjálfbærrar nýtingar
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Málstofan á að gefa gestum greinagóða mynd af ástandi og veiðum á þeim uppsjávarfiskistofnum sem við íslendingar stundum veiðar á í Norður Atlantshafinu. Ennfremur verður greining á virðiskeðju frosinna afurða, fiskimjöls og lýsis og rakið það markverðasta á sviði markaðs- og afurðaþróunar síðastliðin ár og spáð í framtíðina á þeim sviðum.



Umsjónarmaður málstofu:
Finnbogi Alfreðsson
Forstöðumaður
Þróunar og Nýsköpunar hjá Austurbrú ses.



Þorsteinn Sigurðsson
Sviðsstjóri nytjastofnasviðs
Hafrannsóknastofnunin

### Staða og horfur í veiði uppsjávartegunda í N- Atlantshafi

Miklar sveiflur í stofnstærðum hafa einkennt uppsjávarstofna í N-Atlantshafi á undanförnum áratugum. Síldarstofnar hrundu í lok sjöunda áratugs síðustu aldar en þrátt fyrir skynsama nýtingu úr þeim stofnum hafa verið töluverðar sveiflur í stofnstærð frá því að við tókum að nýta þá að nýju. Loðnustofninn hefur verið í lægð á undanförnum árum og sömu sögu má segja um kolmunnastofninn. Í erindinu er gefið yfirlit yfir þróun stofnstærðar helstu uppsjávartegunda í N-Atlantshafi og rýnt er í upplýsingar um horfurnar á komandi árum.



Teitur Gylfason
Sölustjóri
Iceland seafood International

### Ráðstöfun og markaðssetning uppsjávarafla í Norður-Atlantshafi

Farið verður yfir framboð á helstu uppsjávartegundum úr Norður Atlantshafi og stærstu markaði. Greint verður frá hvaða söluaðilar eru helstu samkeppnisaðilar á mörkuðum og samkeppnisstöðu íslenskra framleiðlenda. Ennfremur verður farið yfir helstu þrep í virðisaukakeðjunni með áherslu á vinnslu og verkun sem byggist á neysluhefðum á hverju markaðssvæði og það hvernig staðið er að sölu og dreifingu til neytenda.



Andrew Mallison,
International Fishmeal and Fish Oil Organisation

### Trends in supply and demand for fish meal and fish oil

Fishmeal and Fish Oil continue to be in demand from aquaculture and human neutraceuticals, both fast growing sectors, and have moved from being commodities towards more high value, speciality materials. However, supply is static, vegetable-based substitutes are themselves seeing demand pressure, and land animal proteins may not be acceptable to some consumer markets. The presentation will give an overview of supply and demand trends, the importance of certification to demonstrate responsible sourcing and how the market needs to make informed choices to make the best use of a renewable but finite resource.

# Taktu verndina með þér í land

**Með áhafnatryggingu TM eru sjómenn vel tryggðir við störf á hafi úti. Hins vegar einskorðast líf sjómanna ekki eingöngu við hafið og störf um borð í skipi, því sjómenn eiga eins og aðrir sinn frítíma og þeir hafa ekki síður þörf á því að vera tryggðir við þær aðstæður.**

**Áhafnatrygging TM** er víðtæk slysatrygging sem tekur mið af fjárhagslegri afkomu sjómanna vegna vinnu þeirra og dvalar um borð í skipi. Þannig veitir áhafnatryggingin vernd gegn fjárhagslegu tjóni sem sjómenn kunna að verða fyrir af völdum slysa um borð í skipi. Áhafnatrygging TM tekur ekki til slysa sem sjómenn kunna að verða fyrir í frítíma sínum.



**Frítímatrygging TM**
Til þess að mæta tryggingaþörf sjómanna í frítíma býður TM sérstaka lausn fyrir sjómenn. Frítímatrygging TM er sniðin að þeirri vátryggingavernd sem er innifalin í áhafnatryggingunni. Þannig ákvarðast t.d. tjónabætur eftir skaðabótalögum en slíkt ákvæði er mjög til hagsbóta fyrir sjómenn vegna þess hve sveiflukenndar tekjur þeirra geta verið.

**Víðtæk reynsla og þekking á sjávarútvegi**
Meirihluti íslenskra sjómanna er slysatryggður hjá TM. Í yfir 55 ár hefur TM sérhæft sig í þjónustu við íslenskan sjávarútveg og er leiðandi meðal íslenskra vátryggingafélaga á því sviði. Hjá TM starfar sérstakt sjávarútvegsteymi sem hefur það að markmiði að veita íslenskum sjávarútvegi heildarlausnir hvað vátryggingavernd varðar. Teymið skipa starfsmenn sem hafa áratugareynslu í vátryggingum og sjávarútvegi – hópur sem er til þjónustu reiðubúinn fyrir þig.




*Á síðustu 13 árum hefur TM 11 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.*

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **afhverju.tm.is**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Opportunities for the seafood industry of Iceland in the EU, now or as member

| **Ráðstefnusalur:** | **Dagur:** | **Tímasetning:** |
|---|---|---|
| **Gullteigur** | **Föstudagur** | **11:00-12:45** |



Fundarstjóri:
Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe

The EU common fisheries policy will be described and what changes can we expect in coming years. How is the environment for harvesting companies within the EU and how is it in Iceland. What opportunities are there for Icelanders to operate within the EU, whether as a member or not. What would a membership change?



Umsjónarmaður málstofu:
Kristján Hjaltason
Sales and marketing
Ocean Trawlers Europe



Armando Astudillo
Senior Adviser
DG Mare, EU Commission

## EU common fisheries policy, likely changes and opportunities for Iceland

The speech will describe the current EU Common Fisheries Policy and changes that have been proposed and discuss what may be implemented. The environment for harvesting companies within the EU will be covered, such as allocation of fishing rights and transfer between EU countries, price mechanism for landed fish and contracts EU has with third countries. Are there opportunities for companies in Iceland to operate harvesting companies with EU and what may change if Iceland would become a member.



Pétur Hafsteinn Pálsson
CEO
Vísir hf.

## Fishing and fish processing: an Icelandic perspective

The presentation will describe the diverse activities of Vísir, a typical harvesting and processing company in Iceland. It will also cover the companyś saltfish processing operation in Germany and participation in a seafood company in Canada. The speaker will put forward thoughts on similarities and contrasts between seafood companies in Iceland and abroad, such as in the EU.

## Þátttakendur í panel



Kjartan Ólafsson
Ráðgjafi
Markó Partners



Pétur Einarsson
Forstjóri
Straumur

Deloitte.

# Ertu bestur?

**Hvernig er arðsemi þíns fyrirtækis samanborið við önnur fyrirtæki í greininni? Hvað er hægt að gera til að hámarka arðsemi og heildarvirði fyrirtækisins? Hvernig er rétt að forgangsraða aðgerðum til að ná því markmiði?**

**Við veitum hluthöfum, stjórn og framkvæmdastjórn aðstoð við að svara þessum spurningum.**



Sjávarútvegur er ein af undirstöðugreinum íslensk atvinnulífs og hefur Deloitte lagt sérstaka áherslu á að þjóna fyrirtækjum á því sviði.

Dæmi um verkefni fyrir sjávarútvegsfyrirtæki sem Deloitte hefur aðstoðað við eru: Endurskoðun og reikningshald, innra eftirlit og úttekt á öryggi tölvukerfa, samrunar og yfirtökur, skattaráðgjöf hérlendis og erlendis, alþjóðavæðing, fjármála- og rekstrarráðgjöf, aukin skilvirkni í framleiðslu, fjármögnun, birgðastjórnun, o.fl.

**Við getum aðstoðað þig - hafðu samband.**

**www.deloitte.is**

# Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 voru fjórar hugmyndir sem fengu sérstaka viðurkenningu, en þær eru:

1. **Ljósveiðar, ljósvarpa:** Notuð er varpa sem ekki nemur við sjávarbotn og í staðin fyrir net er notaður veggur úr laserljósi. *Tengiliður: Halla Jónsdóttir*
2. **Græna hringferli Íslenskrar Matorku:** Eldi á tveimur ólíkum fisktegundum þar sem vatnið frá einni tegund er nýtt fyrir aðra og síðan til vökvunar og næringargjafar í gróðurhús þar sem ræktun þörunga eða grænmetis fer fram. *Tengiliður: Stefanía K. Karlsdóttir*
3. **Rafbátar til veiða innanfjarða:** Rafbátur með tvinnaflkerfi hannaður til að nýta umhverfisvæna orku við veiðar innanfjarða og markaðssetja fisk sérstaklega með áherslu á umhverfi og sjálfbærni. *Tengiliður: Víkingur Gunnarsson*
4. **Hjarðeldi á þorski:** Hugmyndin gengur út á að koma upp fóðrunarstöðvum fyrir villtan smáþorsk á grunnslóð þar sem hjarðir af þorski yrðu fóðraðar frá vori og fram á haust. Jafnframt er gert ráð fyrir að heimila ákveðnu útgerðarfélagi afnotarétt á afmörkuðu svæði umhverfis fóðrunarstöðvarnar í tiltekinn tíma. *Tengiliður: Björn Björnsson*

### Ljósveiðar, ljósvarpa

Veiðar með togvörpu eru gríðarlega mikilvægar og arðbærar fyrir íslenskt þjóðarbú og því mikilvægt að endurbæta þær. Það liggja umtalsverð tækifæri í að hugsa togveiðarfæri upp á nýtt. Framúrstefnuhugmynd að togveiðifærum byggir á tækni sem einnig gæti nýst í öðrum veiðafærum. Togveiðarfæri byggja á því að draga net í gegnum vatn, með miklu dráttarviðnámi og töluverðri orkunotkun og tilheyrandi losun koltvísýrings. Valvirkni þessara veiðarfæra er takmörkuð og botnvörpur liggja undir ámæli fyrir að snerta sjávarbotn og hefur sums staðar verið í umræðunni að takmarka eða banna botnvörpuveiðar. Í stað þess að nota hefðbundna vörpu er notuð varpa sem ekki kemur við sjávarbotn og í stað þess að nota áþreifanlegt garn til að smala fiski þá er búið til ímyndað net eða veggur úr laserljósi. Framúrstefnuveiðar með laserljósi, munu stuðla að umhverfisvænum veiðum, og lágmarka röskun á sjávarbotninum.

Aðrar hugmyndir sem sendar voru inn eru eftirfarandi:

- Fiskur sem hægt er að rekja
- Sjálfbær þróun
- Það fiskast best á markmiðum
- Hið Íslenzka Sjávarnet
- Fiskeldi í fjörðum
- Framleiða fóður fyrir búfé úr fiskúrgangi
- 5-landið Ísland
- Lýsi í Kína
- Þróun á fullvinnslu sæbjúgnaafurða og aukin nýting
- Vinnsla og sala á fisk sundmögum sem hágæða vöru á markað í Kína
- Bolla, bolla, fiskibolla



Samanburður á hefðbundinni botnvörpu (til hægri) og fyrirhugaðri ljósvörpu.



Hjálmar Sigurþórsson hjá Tryggingarmiðstöðinni afhendir verðlaun fyrir bestu framúrstefnuhugmynd til Höllu Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð og við hlið hennar er Einar Hreinsson frá Hafrannsóknastofnun.



Við verðlaunaafhendingu, frá vinstri: Jóhann Sigurjónsson sem tók á móti viðurkenningu fyrir Björn Björnsson, Víkingur Gunnarsson, Stefanía K. Karlsdóttir, Geir Guðmundsson, Halla Jónsdóttir, Einar Hreinsson og Hjálmar Sigurþórsson.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-1916

# Að sjá verðmæti ...

... þar sem aðrir sjá þau ekki er einn dýrmætasti hæfileiki sem fólk býr yfir. Okkar hlutverk er að auðvelda þeim sem hafa þennan hæfileika að þroska og framkvæma hugmyndir sínar, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Matís er öflugt þekkingarfyrirtæki sem sinnir fjölbreyttu rannsókna-, þjónustu- og nýsköpunarstarfi. www.matis.is

matís

# SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2011

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Önnur ráðstefnan á vegum Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík dagana 13.-14. október. Ráðstefnan bar heitið **Frá tækifærum til tekjusköpunar**. Samtals voru skráðir þátttakendur 320 en tæplega 300 manns mættu á ráðstefnustað.

## Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinsson, Hjörtur Gíslason, Kristján Hjaltason og Sjöfn Sigurgísladóttir. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað. Nemendur í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri aðstoðuðu einnig í ráðstefnusal.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Fyrir hádegi á mánudeginum voru allir þátttakendur í einum sal og voru eftirfarandi erindi flutt:

- Sjávarútvegsráðstefnan – Hugmyndafræði og skipulag
- Yfirlit yfir íslenskan sjávarútveg 2011 - Hráefnisöflun, vinnsla og sala
- Veiðistjórnun á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar - árangur og tækifæri
- Styrkleikar og veikleikar í útflutningi íslenskra sjávarafurða

Eftir hádegi á fimmtudeginum var skipt yfir í tvo ráðstefnusali og var eftirfarandi efni tekið fyrir:

- Markaðstækifæri í Evrópu
- Sóknarfæri í veiðitækni
- Markaðssvæði framtíðarinnar
- Vöruþróun
- Sjávarútvegur og fjölmiðlar
- Tækifæri erlendis
- Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur
- Sjávarklasinn á Íslandi

Lok ráðstefnunnar var síðan í sameiginlegri málstofa á föstudeginum. Þar voru kynntar samantektir úr málstofum, verðlaunarafhending og jafnframt var panel sem fjórir aðilar tóku þátt í. Sjávarútvegsráðherra sleit síðan ráðstefnunni.



Hluti þátttakenda á Sjávarútvegsráðstefnunni.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. frá vinstri; Hjörtur Gíslason, Guðbrandur Sigurðsson formaður, Sjöfn Sigurgísladóttir, Kristján Hjaltason, Halldór Þórarinsson og Halldór Ármannsson á sér mynd.



Málstofan Tækifæri erlendis. Frá vinstri: Helgi Anton Eiríksson, Magnús Gústafsson, Elín Björk Ragnarsdóttir og Bjartmar Pétursson.

## Móttaka hjá Marel

Í lok erinda á fimmtudeginum bauð Marel til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Austurhrauni 9 í Garðabæ.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011 voru samtals 23 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; Íslandsbanki, Brim og Tryggingamiðstöðin. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Deloitte, FISK seafood, Icelandair cargo, Íslenskar sjávarafurðir, Ísfélag Vestmanneyja, Íslandsstofa, KG fiskverkun, Landsbankinn, Marel, Maritech, Matís, MSC, Navis, Ný-Fiskur, Plastprent, Samtök fiskvinnslustöðva, Samskip, Trackwell Vísir og Þorbjörn.

## Við þökkum stuðninginn

Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. þakkar öllum þeim aðilum sem studdu okkur fjárhagslega. Ykkar framlag gaf okkur tækifæri að halda þátttökugjaldi á Sjávarútvegsráðstefnunni 2011 í hófi. Einnig þökkum við öllum þeim aðilum sem héldu erindi, fundastjórum/málstofustjórum og öðrum sem

aðstoðuðu okkur við skipulagningu og framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011.

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar um Sjávarútvegsráðstefnuna 2011, s.s. dagskrá, ráðstefnuhefti og einstök erindi er hægt að sækja á vef félagsins: www.sjavarutvegsradstefnan.is/



Málstofan Sjávarklasinn á Íslandi. Frá vinstri: Pétur Einarsson, Jóhann Jónasson, Stefanía Katrín Karlsdóttir og Sævar Kristinsson.



Málstofan Íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Kristján Hjaltason, Sjöfn Sigurgísladóttir, Guðbrandur Sigurðsson, Jóhann Sigurjónsson og Sigurður Bogason.



Málstofan Evrópusambandið og íslenskur sjávarútvegur. Frá vinstri: Tómas H. Heiðar, Guðný Káradóttir, Þorsteinn Pálsson og Friðrik Jón Arngrímsson.



Málstofan Sjávarútvegur og fjölmiðlar. Frá vinstri: Birgir Guðmundsson, Katrín Pálsdóttir, Páll Benediktsson og Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson.



Hádegisverður á Grand Hótel.

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011**

Íslandsbanki

BRIM SEAFOOD

TM

# SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNAN 2010

## Heiti ráðstefnu og fjöldi þátttakenda

Fyrsta ráðstefna Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. var haldin á Grand Hótel í Reykjavík, mánudaginn 6. september og þriðjudaginn 7. september. Heiti ráðstefnunnar var **Hafsjór tækifæra.** Ráðstefnan var vel sótt og skráðu sig 314 manns en þátttakendur voru flestir um 250 í ráðstefnusal fyrir hádegi á mánudeginum.

## Skipuleggendur ráðstefnunnar

Ráðstefnuráð sem jafnframt er stjórn félagsins sá um alla faglega skipulagningu á ráðstefnunni. Að þessu sinni voru í ráðstefnuráði; Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins, Halldór Ármannsson, Halldór Þórarinsson, Hjörtur Gíslason, Sjöfn Sigurgísladóttir og Svavar Svavarsson. Valdimar Ingi Gunnarsson var starfsmaður félagsins og Ragnheiður Stefánsdóttir hjá RS Ferðalausnir slf. sá um skráningu þátttakenda, móttöku og þjónustu á ráðstefnustað.

## Dagskrá ráðstefnunnar

Ráðstefnunni var skipt niður í eftirfarandi málstofur:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Markaðsmál og vöruþróun
- Vörumerkið Ísland
- Tækifæri til verðmætasköpunar
- Umhverfismerkingar
- Ferðaþjónusta og sjávarútvegur
- Samantekt og umræður

Í lok erinda á mánudeginum bauð HB Grandi til veglegrar móttöku í húsnæði sínu á Norðurgarði, en þar mætti stór hluti ráðstefnugesta.

## Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru samtals 26 og er þeim öllum þakkað þeirra framlag. Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010 voru; HB Grandi, Landsbankinn og Icelandic group. Aðrir styrktaraðilar eftir stafrófsröð voru: Faxaflóahafnir, Fiskmarkaður Íslands, Fjarðarnet, Fram Foods, Hafnarfjarðarhöfn, Hraðfrystihúsið Gunnvör, Landsamband íslenskra útvegsmanna, Landsamband smábátaeigenda, Lýsi, Íslandsbanki, Marel, Maritech, Matís, Oddi, Plastprent, Reiknistofa fiskmarkaða, Samhentir Kassagerð, Síldarvinnslan, Skinney – Þinganes, Smyril Blue Water, Vélasalan, Vinnslustöðin og Ögurvík.



Séð yfir Gullteig, ráðstefnusal Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010.



Stjórn Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf., Guðbrandur Sigurðsson formaður félagsins á sér mynd og frá vinstri; Sjöfn Sigurgísladóttir, Hjörtur Gíslason, Halldór Þórarinsson, Svavar Svavarsson og Halldór Ármannsson.



Þátttakendur í panel frá vinstri; Erla Kristinsdóttir, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Eggert B. Guðmundsson, Friðrik Pálsson og Helga Viðarsdóttir.

---

**Aðalstyrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2010**

HB GRANDI · ICELANDIC GROUP · Landsbankinn · TM

# Alvöru lausnir í pökkun og merkingu umbúða

## - förum ekki hálfa leið í að pakka og merkja verðmæta útflutningsvöru, förum alla leið!



Afak Techniek BV

***Óskum Varðin Pelagic í Færeyjum til hamingju með glæsilega verksmiðju.***

*Þar eru **AFAK** kassavélar - **Strapex** bindiborðavélar og **Markem-Imaje** prentarar.*

**Eftirfarandi fyrirtæki nota pökkunarlausnir frá Samhentum:**

Ísfélag Vestmannaeyja
Huginn VE 55
Vinnslustöðin hf
Síldarvinnslan hf
HB Grandi hf
Katla Seafood






Sláðu inn „samhentir" á YouTube
og horfðu á AFAK pökkunarvélina vinna





## Prentarar frá Markem-Imaje hafa reynst mjög vel á Íslandi sem annars staðar

- Prentun beint á kassa í stað miða
- Bleksprautuprentun á smáar og stórar pakkningar
- TTO prentarar til prentunar beint á filmu í pökkunarvélum
- Límmiðaprentun með ásetningarbúnaði

markem-imaje

**5800** prentari fyrir kassa • **9232** ný kynslóð bleksprautuprentara

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

PRENTUN.IS

3X TECHNOLOGY



ROTEX
VINNSLULAUSNIR Í FISKISKIP

## Koma með gæðin í land

Fimm sinnum hvítari fiskur
Seinkun á dauðastirðnun
Stöðug gæði
Lengri hillutími
Bragðbetri fiskur
Jafnt hitastig á fiski
Býður uppá rekjanleika

3X Technology | Sindragata 5 | 400 Ísafjörður | www.3xtec.com | sales@3xtec.com | sími: 450 5000 | fax: 450 5009

Meira um ROTEX





# *Reynsla, gæði og samvinna*

UPPSJÁVARVEIÐITROLL OG FLOTTROLL FYRIR BOTNLÆGAR VEIÐAR | NÆTUR TOGHLERAR | BOTNTROLL FYRIR RÆKJU, HVÍTFISK OG BRÆÐSLUFISK GRANDARAR OG TENGDUR BÚNAÐUR | TOG- OG NÓTAVÍRAR

**Egersund Trål AS**
Tel: + 47 51 46 29 00
Fax: + 47 51 46 29 01

**Egersund Iceland EHF**
Tel: + 354 470 6700
Fax:+ 354 470 6709

**Egersund Herøy AS**
Tel: + 47 70 08 04 80
Fax: + 47 70 08 04 81

**Sales Office Reykjavik**
Tel: + 354 470 6710
Fax:+ 354 470 6719

Egersund
Trål
Part of Egersund Group

# Saltfiskkassar

## -úr bylgjuplasti-




**Vélreistur kassi**



Hornin eru fastlímd í kassann

**Handreistur kassi**



Kassinn handreistur og plast-
hornum smellt í hornin



Auðveldur í stöflun, situr vel á bretti

## Helstu kostir:

- Dregur ekki í sig vökva
- Léttari en hefðbundinn kassi
- 100% endurvinnanlegur
- Hægt að fá kassa í ýmsum litum
- Fáanlegur hand- eða vélreistur
- BRC vottaður

BRC CERTIFICATION BODY

100%

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

PRENTUN.IS




Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Prentun frá A til Ö

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

## Styrktaraðilar sjávarútvegsráðstefnunnar

ICELANDAIR CARGO

SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

TM

Arion banki

ICELANDIC GROUP

AKVA GROUP

Einhamar Ecological seafood from Iceland

ESKJA

FROSTFISKUR HF.

FISKVINNSLAN KAMBUR ehf

ÍSLANDSSAGA

NAUST marine

G.RUN

HÓLMADRANGUR

KL APAMA PRODUCE OF ICELAND

Stormur Seafood

Deloitte.

matís

SÝNI